



Flensborgarskólinn í Hafnarfirði

Ársskýrsla 2010



Samantekt

Starfsárið 2010 hefur einkennst af mikilli vinnu við námskrá, miklum fjölda nemenda sem og mikill vinnu við að styrkja nemendur, góða sem „slakari“ með sértækum aðgerðum. Einnig var mikið kapp lagt á að efla utanumhald með nemendum og almenna samkennd innan skólans í ljósi þess erfiða ástands sem tröllriðið hefur íslensku samfélagi undanfarin misseri. Áhersla er lögð á að skapa starfsmönnum sveigjanleika til að samræma vinnu og fjölskyldulíf.

Mikil vinna hefur einnig farið í þróunarvinnu og innleiðingu á verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli* sem og ráðgjöf við aðra skóla vegna þess verkefnis.

Áfram var unnið við þróun innra starfs skólans, við sjálfsmat, endurskoðun skólanámskrár og endurskoðun ýmissa verkferla.

Í heild gekk starfsemi skólans vel en erfiðast var við að eiga óljósa stöðu mála gagnvart nemendatölum lengi fram eftir ári sem jafnframt hafði áhrif á allar rekstraráætlanir skólans.

Með nýju húsnæði haustið 2006 skapaðist svigrúm fyrir verulega fjölgun nemenda, bæði í hefðbundið nám sem og á starfsbraut. Umsóknnum nemenda hefur fjölgað stöðugt undanfarin ár og nemendum skólans fjölgað jafnt og þétt bæði í hefðbundnu dagskólanámi og á starfsbraut. Nemendur í fullu dagskólanámi hafa aldrei verið fleiri en á árinu 2010 og skilaði skólinn tæplega 830 ársnemendum á árinu og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Hópanýting hefur sífellt batnað með fjölgun nemenda á undanförunum árum og var hópanýting rétt um 100% bæði við upphaf vorannar og haustannar.

Vandséð er að unnt verði að hagræða meira á því sviði í rekstrinum.

Nemendum almennra brauta sem sækja hefðbundna hægferðarhópa er hætt við brottfalli og mikilvægt að skoða sérmerkingu nemenda á almennum brautum í reiknilíkani. Hópaþiðmið hægferða þarf að endurmeta til að unnt verði að sinna þeim hópi með fullnægjandi hætti því að í hægferðum eru nemendur almennrar brautar uppistaðan. Þetta er nauðsynlegt þannig að sanngirni sé í fjárframlögum til skóla sem sinna nemendum á almennum brautum.

Skólinn er að þjónusta mjög fjölbreyttan hóp nemenda sem krefst ólíkra úrræða sem er kostnaðarsamt. Niðurstaða reksturs ársins var 8,4 milljón króna halli sem er óásættanleg niðurstaða þótt bati sé milli ára. Til að bregðast við viðvarandi erfiðleikum í rekstri var á árinu 2010 gerð úttekt á framlögum og útgjöldum skólans á einstaka rekstrarliðum ársins 2009.

Sú úttekt sýnir vel hvar misræmi er milli útgjalda og framlaga án þess að skýra hverjar séu orsakir þess mismunar.

Þessi úttekt nýtist hins vegar vel til að greina hvaða þætti þarf að skoða og endurmeta til að ná jafnvægi í rekstrinum. Það hefur verið gert og byggjast aðgerðir tengdar fjárhagsáætlun næsta árs á þeim gunni. Aðgerðir miðast við að ná jákvæðri niðurstöðu á rekstrarárinu 2011 þrátt fyrir áframhaldandi niðurskurð á fjárframlögum til framhaldsskólana á fjárlögum þess árs.

Uppsafnaður halli undanfarinna ára er hins vegar áhyggjuefni og krefst sérstakrar skoðuna hvernig farið verður með og unnið á honum á næstu misserum.

Í því sambandi er jafnframt mikilvægt að mati stjórnenda skólans að fara í ítarlegri greiningu en gert hefur verið á tilurð þess halla.

Árið 2010

Hlutverk

Flensborgarskólinn starfar samkvæmt lögum nr. 92/2008 um framhaldsskóla að því marki sem þau hafa tekið gildi en annars samkvæmt lögum nr. 80/1996 um framhaldsskóla.

Hlutverk skólans er að sinna kennslu til stúdentsprófs á þeim bóknámsbrautum áfanga- og fjölbrautakerfis sem skilgreindar eru í skólasamningi. Þar er einnig kveðið á um nokkrar styttri starfsnámsbrautir við skólann, s.s. almenna námsbraut, grunnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina og fjölmiðla-tækni. Í skólanum er einnig starfrækt fjögurra ára starfsbraut.

Meðfram öllum stúdentsbrautum skólans hefur verið þróað og skipulagt sérstakt íþróttasvið og jafnframt íþróttafrekssvið í samstarfi við íþróttafélög í Hafnarfirði. Einnig gefst nemendum skólans tækifæri á að tengja listnám úr viðurkenndum listaskólum inn á allar stúdentsbrautir á samsvarandi hátt sem listnámssvið.

Flensborgarskólinn á einnig í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, Menntamálaráðuneytið og Iðnskólann í Hafnarfirði um rekstur fjölgreinabrautar sem staðsett er í Menntasetrinu við Lækinn í Hafnarfirði. Eftir að upphaflegu fjögurra ára tilraunaverkefni um fjölgreinabrautina lauk vorið 2010 var ákveðið eftir mikið óvissuástand við innritun fyrir haustið 2010 að framlengja þetta námstilboð til tveggja ára. Þörfin fyrir fjölgreinabrautina hefur sannað sig og því brýnt að huga þegar að því hvernig því verður komið fyrir til framtíðar. Flensborgarskólinn lítur á það sem sitt meginhlutverk að búa nemendur sína sem best undir frekara nám á háskólastigi jafnframt því að veita haldgóða almenna menntun, menntun sem nýtist nemendum í daglegu lífi og starfi sbr. 2.gr. laga um framhaldsskóla.

Flensborgarskólinn skilgreinir sig sem þjónustu- og menntastofnun sem fyrst og fremst miðar að því að bjóða hafnfirskum ungmönnum trausta menntun á þeim sviðum sem skólinn starfar. Þjónustusvæði skólans markast af grunnskólum Hafnarfjarðar. Nemendur sem ekki eiga heimili í Hafnarfirði eru þó einnig boðnir velkomnir í skólann og skólinn þjónar landinu öllu hvað varðar starfsnám í fjölmiðlun.

Flensborgarskólinn þjónar breiðum hópi nemenda, allt frá þeim sem þurfa úrræði á starfsbraut til þeirra sem vilja nám á sérstakri hraðferð til stúdentsprófs.

Almennt um starfsemina á árinu 2010

Skólameistari, Einar Birgir Steinþórsson var í námsorlofi skólaárið 2009 – 2010 og var Magnús Þorkelsson aðstoðarskólameistari settur skólameistari þann tíma.

Við upphaf haustannar 2010 voru 832 nemendur í fullu dagskólanámi, þar af 25 á starfsbraut, og auk þess 20 nemendur skráðir á Fjölgreinabraut.

Í skólanum störfuðu við upphaf haustannar rúmlega 90 starfsmenn, nokkrir í hlutastarfi.

Starfsemi skólans á árinu 2010 markaðist tölvvert af efnahagsástandi landsins og niðurskurði á fjárframlögum til skólastarfsins. Á sama tíma og fjárframlög voru dregin saman var vaxandi aðsókn nemenda að skólanum og samhliða krafa stjórnvalda að skólinn tæki á móti fleiri nemendum en hann hafði fjárframlög fyrir. Skólinn brást við þessum kröfum um fjölgun nemenda eins og

frækast var unnt og húspláss leyfði sem aftur leiddi til mikilla þrengsla, stórra námshópa og minni þjónustu við nemendur. Jafnframt röskuðust áætlanir skólans í fjármálum, sérstaklega hvað varðaði starfsbraut skólans þar sem viðbótarnemendur reyndust þurfa mun meiri þjónustu en ráð var fyrir gert.

Þessi staða leiddi til enn meira álags á starfsfólk skólans og er það mat stjórnenda að þar sé komið að þolmörkum. Þessi staða er áhyggjuefni þegar litið er til framtíðar og mikið umhugsunarefni hversu lengi er hægt að halda áfram á þeirri braut að fjölga í námshópum og hagræða í kennslu og stoðþjónustu. Í því sambandi má nefna að þegar árangur nemenda, sérstaklega nýnema og nemenda í hægferðarhópum á öðru ári, er skoðaður við lok haustannar 2010 sést að hann er lakari en undanfarin ár. Það er ekkert í samsetningu nemenda né einkunnum við innritun sem getur skýrt þetta, þvert á móti mátti vænta betri árangurs þessa hóps miðað við fyrri innritunarhópa.

Þó öllum stærri framkvæmdumsé lokið við skólann þá er eitt og annað sem enn er þörf á að laga. Slíkur listi hefur verið sendur þeim sem utan um halda og þokast þar smám saman í rétta átt.

Húsnæði skólans telur 7948 m² en auk þess leigir skólinn aðstöðu til íþróttakennslu í íþróttahúsinu við Strandgötu af Hafnarfjarðarbæ. Eftir stækkun skólans hefur verið tölvert misræmi milli framlaga til húsaleigu og þeirrar leigu sem er greidd í raun. Við lok ársins 2010 fékkst leiðrétting á framlögum til húsaleigu en enn er misræmi sem brýnt er að fá leiðrétt.

Í heild sinni gekk starfsemi skólans vel á árinu 2010 og flest þau markmið sem sett voru í starfseminni náðust. Aðsókn nemenda að skólanum var mikil og vel gekk að ráða starfsfólk til starfa.

Námsframboð skólans var óbreytt frá fyrri árum og lögð áhersla á að styrkja það námsframboð sem skólinn byggir á og mótar hans sérstöðu.

Í gildi er skólasamningur frá árinu 2010. Stjórnendur skólans leggja mikla áherslu á að svara öllum erindum til skólans frá menntamálaráðuneytinu er varða starfsemi skólans með formlegum hætti innan eðlilegra tímamarka. Þess er vænst að menntamálaráðuneytið sjái sér fært að gera slíkt hið sama.

Skólasamningur:

Áhersluatriði samkvæmt kafla 2 í skólasamningi.

1) Nemendur

Flensborgarskólinn leggur höfuðáherslu á að þjóna hafnfirskum unglíngum.

- Rúmlega 95% nýnema sem voru innritaðir á haustönn 2010 komu úr grunnskólum Hafnarfjarðar. Þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra.

Flensborgarskólinn leggur áherslu á einstaklingsbundið nám og þétt utan-umhald með nemendum.

- Á árinu 2010 var haldið áfram að þróa samvinnu við grunnskólana í Hafnarfirði vegna innritunar til að tryggja að nemendur raðist „rétt“ í byrjunaráfanga og fái eins góða þjónustu og unnt er við upphaf náms í skólanum. Þessu samstarfi verður haldið áfram fyrir innritun vorið 2011.

- Vikulegir samráðsfundir allra stjórnenda og allra ráðgjafa sem koma að stoðþjónustu og utanumhaldi með nemendum.
- Nemendaverndarráð fundar á tveggja vikna fresti.
- Vinnu- og verklagsreglur stoðþjónustu í sífelldri endurskoðun.
- Í gegnum umræður um nýja námskrá og nýtt námsskipulag var unnið með að skýra hugtök s.s. skóli fyrir alla, sveigjanlegt námsmat og einstaklingsbundið námsmat.
- Haldið áfram að þróa verklag í kringum fjölbreyttara námsmat s.s. munnleg próf fyrir nemendur sem stríða við lestrar- og/eða skriftarörðugleika.

2) Nám og námsskrá

Áfram var unnið að nýrri námskrá á árinu 2010.

- Sérstakur ritstjóri ráðinn innan skólans í 25% starf við upphaf haustannar til að halda utan um verkefnið.
- Haustið 2010 var byrjað að kenna samkvæmt breyttum áherslum í áfanga-keðjum í raungreinum sem mótaðar voru á skólaárinu 2009 -2010.
- Breyting á kennslu í byrjunaráföngum í stærðfræði haustið 2010 á grundvelli vinnu sem unnin var með þróunarstyrk skólaárið 2009 – 2010. Hér er um að ræða breytta nálgun í hægferðaráföngum sem haldið verður áfram að þróa.
- Drög að nýjum útfærslum á stúdentsbrautum skólans lágu fyrir við lok árs 2010. Þau drög verða til fullvinnslu á vorönn 2011. Markmiðið er að afhenda ráðherra nýja námskrá skólans 1. október 2011 er óbreytt.
- Vinnu við þróun námskrár fyrir íþróttafrekssvið skólans er unnin samhliða öðru námsframboði til stúdentsprófs.
- Vinnu við þróunarverkefni tengt útfærslu á námi í ISA áföngum er hins vegar ekki lokið og lokaskýrsla liggur ekki enn fyrir. Það verkefni er enn í gangi.
- Á haustönn var hafin vinna við tvö þróunarverkefni sem styrkur fékkst til og varða útfærslu á námi við fjölmiðlabraut skólans. Því verkefni á að ljúka fyrir haustið 2011

Sveigjanleg skólaskil.

- Fjarnám fyrir grunnskólanema, sem búið var leggja mikla vinnu í að þróa í samvinnu við grunnskólana, var lagt af við upphaf árs vegna fyrirmæla ráðuneytis þar sem hætt var að greiða fyrir þær námseiningar. Þessi ákvörðun, að gera skólanum ókleift að halda úti þessu námstilboði, hefur ótvírætt valdið miklum skaða á þeirri vinnu sem hafði verið lögð í að byggja upp samstarf við grunnskólana um sveigjanleg skólaskil. Það er því eindregin ósk skólans að þessi ákvörðun verði dregin til baka þannig að skólinn geti aftur boðið öflugum nemendum grunnskólanna þessa þjónustu.
- Almenn námsbraut er í boði innan skólans. Við upphaf haustannar voru 63 nemendur skráðir á brautina sem er óvenju lágt hlutfall.
- Á starfsbraut skólans eru 25 nemendur sem er langt umfram upphaflegar áætlanir þegar aðstaða brautarinnar var hönnuð en þá var miðað við 15 nemendur. Eftir að innritun lauk tók skólinn, að beiðni ráðuneytisins, inn þrjá nemendur á brautina sem þurfa mikla þjónustu. Þessi viðbótarnemendur breyttu öllum áætlunum skólans fyrir brautina við upphaf skólaársins hvað varðar mannafla, húsnæði og rekstur. Reynsla þessa árs kallar breytingar á val nemenda inn á brautina og endurskoðun á fjölda nemenda þar. Núverandi samsetning nemenda er rekstrarlega mjög óhagkvæm og skapar mikið álag á starfsmenn.

Jafnframt er umhugsunarefni að skólinn er að sinna mörgum nemendum á starfsbraut sem koma utan hans heimasvæðis sem getur leitt til þess að hann geti ekki sinnt nemendum á sínu upptökusvæði sem þurfa þetta námsframboð.

3) Kennsla

- Við loks árs 2010 voru einungis fjórir kennarar sem nýttu námsnet skólans mjög lítið eða ekkert. Voru það fyrst og fremst kennarar í íþróttum og verkgreinum.
- Kerfisstjóra skólans var sagt upp störfum á skólaárinu og tölvuumsjón endurskipulögð og m.a. samið við fyrirtæki utan skólans um þjónustu við tölvukerfið. Markmiðið var að bæta þjónustuna, efla traust á tölvukerfinu og ná fram hagræðingu. Öll þau markmið virðast hafa náðst þó ekki verði að fullu ljóst fyrr en á næsta rekstrarári hver raunveruleg hagræðing verður.

Á árinu 2010 var unnið áfram eftir óbreyttu skipulagi við sjálfsmat skólans. Endurskoðun sjálfsmatsferlinu sem fyrirhugað var að hefja haustið 2010 var frestað til vorannar 2011 m.a. vegna mikillar vinnu innan skólans við verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskóli*.

Námsmatsaðferðir skólans.

- Áætlanir um að afnema skil kennslu- og prófatíma hafa verið settar í biðstöðu í samræmi við yfirlýsingu menntamálaráðherra um framvindu innleiðingar nýrra framhaldsskólalaga og kjarasamninga.
- Námsmatsaðferðir innan skólans eru til reglubundinnar umræðu og þróunar innan einstakra kennslugreina og á vinnufundum kennara.

4) Stjórnun og þróun mannauðs

Lögð er áhersla á að vinna með starfsaðstæður og starfsanda innan skólans. Samheldni og góður starfandi innan starfsmannahóps er lykilatriði í farsælu skólastarfi

- Stjórnendur reyna að vera sýnilegir starfsmönnum í frímínútum og matarhléum og taka þátt í daglegum umræðum starfsmanna.
- Lögð er áhersla á sveigjanleika til að auðvelda starfsmönnum að samræma starf sitt of fjölskyldulíf.
- Mannauðsstjóri skipuleggur uppákomur og fyrirlestra sem miða að því að efla samheldni og einingu starfsmannahópsins.
- Mannauðsstjóri fylgist með líðan starfsmanna og stýrir inngripi ef þarf.
- Á haustönn 2010 voru boðin örnámskeið fyrir alla starfsmenn þar sem nýttur var sá mannauður og þekking sem býr í starfsmannahópnum.
- Skipulögum starfsviðtölum fyrir alla var komið á vorið 2010 og eru þau komin inn í starfsáætlun skólans á hverri vorönn. Mannauðsstjóri heldur utan um skipulag starfsviðtala og úrvinnslu í samvinnu við skólameistara.
- Á haustönn 2010 var unnið að þróun á nýju gagnavistunar- og samskiptakerfis með það að markmiði að bæta skjalavörslu, auka samræmingu og efla boðskipti innan skólans. Stefnt á að taka þetta nýja kerfi í gagnið á árinu 2011.

5) Fjármál, rekstur og aðbúnaður

Flensborgarskólinn hefur lengi glímt við erfiðleika í rekstri og uppsafnaðann rekstrarhalla. Um þá erfiðleika vísast í fyrri ársskýrslur skólans og önnur bréf frá skólanum til ráðuneytis. Á árunum 2006 – 2008 hafði náðst verulegur árangur við að ná jafnvægi í rekstri skólans. Á árinu 2009 varð aftur viðsnúningur og kom fram rúmlega 16 milljón króna halli það ár. Á árinu 2010 er 8,4 milljón króna halli innan ársins sem er tölvvert betri útkoma þó enn sé ekki komið á jafnvægi í rekstrinum. Í ljósi aðstæðna í samfélaginu virðist óraunhæft að skólinn geti greitt niður uppsafnaðan rekstrarhalla frá fyrri árum í bráð en markmið skólans því fyrst og fremst að stöðva skuldasöfnun og ná jafnvægi í rekstrinum. Á meðan uppsafnaður rekstrarhalla er til staðar mun hann hafa verulega neikvæð áhrif á rekstur skólans. Það er mikilvægt að skólinn og ráðuneytið nái samkomulagi um hvernig farið verður með og unnið á þessum uppsafnaða halla ekki síst þar sem að mati stjórnenda skólans má færa rök fyrir því að tölverður hluti þessa halla sé til kominn vegna sérstakra aðstæðna og verkefna sem skólanum var falið að leysa af menntamálaráðuneytinu en fjárveitingar stóðu ekki undir.

Í upphafi ársins 2010 var ákveðið að fá Aðalstein Eiríksson til að vinna greiningu á fjármálum skólans miðað við árið 2009. Aðalsteinn skilaði skýrslu til skólans á haustdögum 2010 og var hún kynnt menntamálaráðuneytinu. Úr skýrslunni má lesa vísbendingar um hvar orsakir rekstrarvandans liggja miðað við fjárframlög til einstakra rekstrarþátta í reiknilíkani. Í fyrsta lagi er kostnaður skólans vegna húsaleigu, til Fasteigna ríkissjóðs vegna skólahúss og Hafnarfjarðarbæjar vegna íþróttahúss, verulega umfram það sem skólanum reiknast sem framlag til húsaleigu. Í öðru lagi kostnaður vegna annarra starfa en kennslu og í þriðja lagi kostnaður við rekstur starfsbrautar skólans. Hvað varðar halla vegna annarra starfa en kennslu og halla á rekstri starfsbrautar verður ekki lesið úr skýrslunni hvort um er að ræða vanmat á þeim verkefnum sem skólinn sinnir eða hvort skólinn með „yfirmönnun“ í þessum verkefnum.

Þær vísbendingar sem voru komnar fram við vinnslu úttektarinnar á vordögum 2010 voru nýttar til að endurskoða áætlanir og skipulag fyrir haustönn 2010 og síðan enn frekar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011.

- Starfshlutfall við sviðsstjórn var lækkað um 45% fyrir haustönn 2010.
- Dregið var verulega úr fagstjórn fyrir haustönn 2010 og hún endurskipulögð.
- Allt skipulag tölvuumsjónar var endurskipulagt og gerður samningur við fyrirtæki utan skólans um þjónustu við tölvukerfið. Kerfisstjóra skólans var sagt upp störfum en hann fór þó ekki af launaskrá fyrr en 1. desember 2010 vegna sex mánaða uppsagnarfrests.
- Hópanýtingu í kennslu við upphaf vor- og haustannar haldið við 100% mörk.
- Þeim verkefnum sem hefðu leitt til tilfallandi yfirvinnu hætt eða frestað væri þess nokkur kostur.
- Ekki ráðið í 60% starf bókasafnsfræðings á bókasafni skólans sem losnaði 1. desember en opnunartími bókasafns stytur og dregið úr þjónustu.
- Ekki ráðið í 100% starf þjónustuliða sem fór í fæðingarorlof í nóvember og hagrætt og dregið úr ræstingu innan skólans. Þessi þjónustuliði mun koma aftur til starfa í byrjun maí og því var öðrum þjónustuliða sagt upp störfum frá og með sama tíma. Gert er ráð fyrir að þessi fækkun þjónustuliða verði

- varanleg.
- Ekki ráðið í 100% starf stuðningsfulltrúa á starfsbraut sem losnaði 1. janúar 2011 en dregið úr þjónustu við nemendur starfsbrautar m.a. með því að fækka tímum sem þeir geta sótt í almennum bekk með stuðningi og fella niður kennslu í veikindaforföllum.
 - Starfshlutfall lestrarráðgjafa sem sinnir ráðgjöf og utanumhaldi með nemendum sem hafa greiningar lækkað úr 50% í 30% og dregið úr þjónustu við upphaf vorannar. Verður endurmetið sumarið 2011.
 - Starfshlutfalli tveggja kennara sem lengi hafa starfað við skólann hefur verið sagt upp, vegna dvínandi aðsóknar í þeirra kennslugreinar, og mun koma til framkvæmda fyrir haustönn 2011 ef þarf.

Milli áráanna 2010 og 2011 hefur starfshlutfalli í öðrum störfum en kennslu verið fækkað um 3,5 stöðugildi og jafnframt dregið úr kennslutengdum störfum og stjórnun sem nemur u.þ.b. einu stöðugildi frá miðju ári 2010 til sama tíma 2011 þegar allar breytingar sem þegar hafa verið ákveðnar verða komnar til framkvæmda.

Vandamál starfsbrautar skólans felst í mikilli óhagkvæmni í kennslukostnaði vegna þess hversu ólíkar þarfir nemendur brautarinnar hafa. Í rekstraráætlun fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að fækka nemendum á starfsbraut skólans og/eða ná fram meiri einsleitni til að unnt sé að ná fram aukinni hagræðingu í kennslu til að bregðast enn frekar við rekstrarhalla vegna hennar.

Í uppgjöri vegna ársins 2010 kom viðbótarframlag vegna húsaleigu í kjölfar breytinga á samningi við Fasteignir ríkissjóðs. Sá samningur skilar jafnframt hækkun á upphaflegum framlögum vegna húsaleigu á árinu 2011. Þetta lagar stöðuna á þessum rekstrarlið. Þrátt fyrir þetta verður ekki séð að framlög dugi fyrir húsaleigu skólahúss og vegna leigu á íþróttahúsi. Húsnæðiskostnað skólans þarf því að skoða enn betur til framtíðar. Því skal jafnframt haldið til haga að stærstan hluta rekstrarhalla skólans á árinu 2009 má rekja til þess að greidd húsaleiga var langt umfram framlög sem reiknuð voru vegna hennar.

6) Samstarf við aðra

Flensborgarskólinn starfar með Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar sem kaupir kennslu af skólanum sem nemur að jafnaði einu stöðugildi á önn.

Foreldrastarf var í mikilli uppbyggingu á árinu 2010. Í námsleyfi sínu síðasta skólaár vann skólameistari þróunaráætlun fyrir uppbyggingu foreldrasamstarfs við skólann. Áætlunin var kynnt foreldraráðinu við upphaf haustannar. Þessi áætlun er höfð til hliðsjónar við uppbyggingu starfsins. Á árinu var:

- Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema við upphaf náms.
- Reglulegir samráðsfundir skólameistara og fulltrúa starfsmanna með stjórn foreldraráðs á starfstíma skólans.
- Áheyrnarfulltrúi foreldra situr í skólanefnd sem fundar mánaðarlega
- Skólameistari sendir fréttir úr skólalífinu rafrænt á foreldra a.m.k. einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til. Á árinu var mikil upplýsingamiðlun til foreldra vegna verkefnisins *Heilsueflandi framhaldsskóli*.
- Fræðslufundir fyrir foreldra 1 – 2 sinnum á önn.
- Haustið 2010 stofnaði foreldraráð skólans, í samvinnu við skólann,

styrktarsjóð fyrir nemendur sem eiga erfitt með að fjármagna bókakaup. Fyrstu úthlutanir fóru fram í janúar 2011.

- Fulltrúi foreldra fór sem fararstjóri með stuðningsliði MORFÍS-liðs skólans til Egilsstaða í október.
- Haustið 2010 var unnið að framkvæmd þeirrar hugmyndar að efna til foreldrakaffis í skólanum. Þá býður foreldraráði og skólinn foreldrum þeirra nemenda sem eru yngri en 18 ára að koma í skólann með börnunum í morgunkaffi í eina klukkustund þar sem fram fara óformlegar umræður um hvaðeina sem snertir skólastarfið. Fyrsta morgunkaffið kom síðan til framkvæmda í janúar 2011 og tókst mjög vel.

Skólinn ræktar samstarf við í nærsamfélaginu.

- Samráðsfundir og upplýsingamiðlun með stjórnendum og námsráðgjöfum grunnskólanna vegna inntökureglna og röðunar í áfanga.
- Reglulegir samráðsfundir a.m.k. tvisvar á önn með forvarnarfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar og sálfræðingi frá félagsþjónustunni sem sitja í samráðshópi sem var stofnaður til stuðnings vinnu með nemendur skólans sem eiga við félagsfælni eða önnur geðræn vandamál að stríða.
- Fulltrúi skólans situr í *Litla hópi* sem er samráðvettvangur allra sem koma að forvarnarmálum í Hafnarfirði.
- Reglulegir samráðsfundir með öllum íþróttafélögum í bænum vegna íþróttakademíu skólans.
- Samstarf við skólaskrifstofu Hafnarfjarðar um nemendspár og annað sem snertir yfirfærslu nemenda frá grunnskóla til framhaldsskóla.

Á árinu 2010 var leitað til fyrirtækja í Hafnarfirði til að byggja upp verðlaunarsjóð vegna útskriftar. Þetta gekk vel þó enn eigi eftir að tryggja fjármögnun sjóðsins til lengri tíma litið þannig að sjóðurinn verði sjálfbær.

Heilsueflandi skóli

Flensborgarskólinn tók að sér að vera tilraunaskóli í verkefni Lýðheilsustöðvar um heilsueflandi framhaldsskóla. Undirbúningsvinna var mikil á skólaárinu 2009 – 2010 en verkefnið hófst síðan formlega 1. október 2010.

Verkefnið *Heilsueflandi framhaldsskóli* er víðtækt forvarnarverkefni (sjá fylgiskjal 1) sem nær yfir fjögur ár í senn þar sem eitt málefni er í forgrunni á hverju ári. Fyrsta árið næring, annað árið hreyfing, síðan geðrækt og loks lífstíll. Flensborgarskólinn fékk gullmerki verkefnisins fyrir næringarþáttinn strax við upphaf verkefnisins sem þýðir að skólinn uppfyllir öll viðmið sem lögð eru til grundvallar næringarþáttar verkefnisins.

Innan skólans fer fram mikil vinna við þróun verkefnisins og jafnframt mikill tími í ráðgjöf við þá skóla sem eru að hefja verkefnið.

Nemendur eru virkir þátttakendur í öllu skipulagi verkefnisins.

Íþróttafrekssvið

Á undanförunum árum hefur farið mikil vinna í að þróa nám, fyrir nemendur sem teljast til afreksíþróttamanna, á íþróttafrekssviði sem tengt er öllum stúdentsbrautum skólans. Haustið 2010 voru 172 af 832 nemendum skólans skráðir á íþróttafrekssvið stúdentsbrautanna. Nemendur á íþróttafrekssviði skólans eru áberandi í keppnum innanlands og eiga sæti í landsliðum Íslands

í mörgum íþróttagreinum. Þessi mikli fjöldi íþróttafólks innan skólans setur sterkan svip á skólastarfið og hefur jákvæð áhrif á allt skólastarf. Íþróttáfrekssviðið er eitt af því sem markar skólanum sérstöðu meðal íslenskra framhaldsskóla.

Próun þessa námsframboðs er í sífelldri endurskoðun, ekki síst nú í tengslum við þróun nýrrar námskrár á grundvelli laga um framhaldsskóla frá 2008.

Skólanámskrá:

Skólanámskrá skólans var síðast endurskoðuð í heild á árinu 2006.

Skólanámskráin er birt í heild sinni á vef skólans en nokkur sérit úr henni eru gefin út reglulega m.a. í tengslum við kynningar til grunnskólanema og foreldra.

Frá árinu 2009 hefur verið stöðug vinna við skólanámskrá. Helstu tafirnar sem orðið hafa eru vegna ákvarðana ráðherra sem tengjast því hversu hratt stjórnvöld treysta sér til að framkvæma innleiðingu nýrra laga.

- Vinna við að útfæra sveigjanleg skólaskil hefur stöðvast m.a. vegna afnáms fjarnáms fyrir grunnskólanema. Einnig er beðið eftir ákvörðun MMR um hvernig skuli staðið að áframhaldandi útfærslu á fyrirkomulagi náms á Fjölgreinabrauta samkvæmt samningi Mennta- og menningarmálaráðuneytis og Hafnarfjarðarbæjar frá 19. ágúst 2010. Skólinn hafði þegar á miðri haustönn 2010 tilkynnt ráðuneytinu að hann gæti mannað vinnuhóp um þetta mál. Beðið er ákvörðunar ráðuneytis um frekari framkvæmd og framvindu þessa máls.
- Á vorönn 2010 var unnin mikil vinna við að skilgreina áfanga og nám. Á haustönn 2010 voru teknar ákvarðanir um form námsbrauta og verið að ljúka lýsingum á innri byggingu þeirra á vorönn 2011.
- Fyrir liggja hugmyndir um þrepasetningu brauta og er það næsta skref ásamt uppröðun náms. Það yrði þeirri vinnu til framdráttar ef fyrir lægju lærdómsviðmið greina, nema reiknað með að skólarnir semji þau sjálfir.
- Verið er að yfirfara regluverk skólans í ljós bréfs MMR 30.12.2010 – sem reyndar barst skólanum með foreldri tveimur vikum áður en bréf barst skólanum. Það er gagnrýni vert að stjórnsýsluúrskurður sem varðar skólann skuli berast stjórnendum á þann hátt sem þarna varð raunin á.
- Almennur hluti námskrár skólans hefur verið yfirfarinn og endurskoðaður.
- Margvíslegar minni lagfæringar áfangaheita og inntaks áfanga hafa verið gerðar innan ramma gildandi aðalnámskrár. Af þessum breytingum hlýst ekki kostnaður.
- Samráð við FG um námskrárvinnu er enn í gangi.

Stofnanasamningar:

Á árinu 2010 voru gerðir tveir viðaukar við stofnanasamning skólans við KÍ-félaga í hópi starfsmanna. Allir kjarasamninga voru lausir undir lok ársins og frekari endurskoðun á stofnanasamningi býður niðurstöðu nýrra kjarasamninga.

Sjálfsmat:

Verk- og framkvæmdaáætlun fyrir sjálfsmat skólans hefur verið til frá árinu 2002 og er skilað til menntamálaráðuneytisins. Þessi áætlun er endurskoðuð árlega.

Sjálfsmat innan skólans er í föstum skorðum og stýrt að sérstökum verkefna-

stjóra og hefur frá upphafi staðiðst allar kröfur við úttektir. Að mati stjórnenda skólans er þó þörf á að skerpa á ýmsum þáttum matsins og tengja það enn frekar markmiðum í starfsáætlun skólans. Þess vegna hefur verið ákveðið að endurmeta og endurskipuleggja sjálfsmatskerfi skólans á árinu 2011 með það í huga.

Vinnan á árinu 2010 var samkvæmt áætlun og náðust sett markmið við vinnu sjálfsmatsins.

Verkefni skólaársins 2009-10 voru:

- Áfangamat unnið með aðstoð námsnets skólans, lagt fyrir í áföngum á félagsgreinasviði.
- Endurmenntun og þjálfun starfsmanna – skoðanakönnun
- Starfsmannaviðtöl við alla starfsmenn á vorönn 2010
- Vinna nemenda með skóla.
- Móttaka og þjónusta og líðan nemenda skólans sem koma úr skólum utan Hafnarfjarðar.
- Skoðun á hvers vegna nemendur velja íþróttafrekssvið og hvers vegna nemendur sem hætta á afrekssviðinu velja að hætta þar.
- Útskriftarnemar og viðhorf þeirra til skólans og þeirrar menntunar sem þeir fengu í Flensborgarskólanum.
- Hlýtt á kennara – unnið á vofundi þar sem kennarar meta starfsemina í hópum.
- Skoðun meðal starfsmanna á aðstöðu á kaffistofu og þjónustu mötuneytis.
- Skýrslur deilda.

Sjálfsmatsskýrslan með upplýsingum um matið er birt á vef skólans.

Almenn námsbraut:

Undanfarin ár hefur skólinn ekki boðið fram nám á almennri námsbraut fyrir þá nemendur sem eru lakast settir við lok grunnskóla en falla þó ekki undir skilgreiningu fyrir nám á starfsbraut. Í þess stað á skólinn í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og lðnskólann í Hafnarfirði um fjölgreinabraut sem er úrræði fyrir þennan hóp nemenda. Samkvæmt samningi við Menntamálaráðuneytið er nú gert ráð fyrir plássum fyrir allt að 20 nemendur í fjölgreinánáminu Haustið 2010 var samningur Hafnarfjarðarbæjar og Menntamálaráðuneytisins um rekstur fjölgreinabrautarinna framlengdur til tveggja ára. Fyrri samningur sem var til fjögurra ára hafði runnið út vorið 2010 og því skapast mikið óvissuástand þegar innritun stóð yfir þá um vorið. Þetta námsframboð hefur sannað tilverurétt sinn og því er mikilvægt að þegar verði hafin vinna við skpuleggja framtíð þess til lengri tíma. Það hefur verið gerð úttekt á þessu námsframboði og sú úttekt skapar góðan grundvöll til að taka ákvörðun til framtíðar fyrir fjölgreinabrautina.

Afstaða skólameistara og þeirra sem að þessu máli koma er að úrræðið sé mikilvægt félagslega og námslega. Hins vegar hefur verið lögð áhersla á að hvorki fjárheimildir skólans né húsnæði geri það mögulegt að flytja það til skólans eða í hús skólans, nema þá að stórum hópi dagskólanemenda verði fórnað í staðinn. Þá er ljóst að þessi hópur mun rekast illa í því kvika samfélag sem flókin stór skóli er.

Skólinn tók hins vegar, eins og áður, inn nokkurn hóp nemenda sem þurftu úrræði á almennri námsbraut, þ.e. nemendur sem höfðu náð einhverju(m) samræmdum prófum en þurfa upprifjun í flestum kjarnafögum og þurfa, a.m.k. sumir hverjir, mikla stoðþjónustu samhliða námi. Í skólanum voru á haustönn

rúmlega 100 nemendur, fyrir utan þá nemendur sem voru á starfsbraut, sem höfðu sérstakar greiningar um námsörðugleika. Á almennri námsbraut voru 63 nemendur skráðir við upphaf haustannar 2010. Hlutfall nemenda á almennri námsbraut hefur farið lækkandi undanfarin ár vegna breyttrar samsetningar þeirra nemenda sem sækja um skólavist og aukinnar áherslu skólans á nemendur sem stunda afreksíþróttir.

Stór hluti nemenda sem innritast á almennar námsbrautir á við mikla námslega og félagslega erfiðleika að stríða og virðast einstök mál þyngjast ár frá ári. Þrátt fyrir að innan skólans hafi verið lögð mikil vinna í að búa til skipulag til að bregðast við þarf á hverju ári að setjast niður og leita nýrra leiða.

Margir nemendur þurfa mjög sérhæfð úrræði sem erfitt er fyrir skólann að mæta þannig að þessir nemendur finni sér stað í námi og starfi.

Rekstur almennrar brautar er erfiður þar sem þorri nemenda á brautinni hefur námslega færni, samkvæmt útkomu á samræmdum prófum, til að sækja nám í hægferðum og reiknast því að stórum hluta samkvæmt viðmiðum almenns hægferðanemanda ekki samkvæmt viðmiðum áfanga á almennri braut. Þessir nemendur eiga í miklum erfiðleikum með að fóta sig í fjölmönnum hægferðar-áföngum (hægferðaráfangar í bóknámi sæta sömu hópastærðarviðmiðum og almennir bóknámsáfangar) og brottfallshætta því mikil. Kröfur um sparnað og aukna hagræðingu hefur leitt til fjölgunar í hægferðarhópum sem aftur hefur áhrif á möguleika kennara til að sinna þessum hópi með fullnægjandi hætti. Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir skóla sem sinna nemendum á almennri námsbraut að nemendur sem flokkast inn á almennar brautir hafi í reiknilíkani sérstakan verðstuðul en reiknist ekki bara þegar hann er í áföngum sem eru sérmerktir með millitöluna 9 í áfanganúmeri.

Önnur lausn sem mundi auðvelda skólunum mjög að veita þessum nemendum betri þjónustu væri að lækka nýtingarviðmið í hægferðarhópum. Þessir nemendur þurfa meiri stoðþjónustu, utanumhald og þeir þurfa að vera í fámennari hópum í öllum áföngum ef árangur á að nást í námi og minnka brottfall úr þessum hópi.

Brottfall nemenda sem eiga við námslega, félagslega eða tilfinningalega erfiðleika að stríða er enn of mikið þrátt fyrir að sífellt sé verið að leita nýrra úrræða. Brottfallið er mest á öðru ári þegar nemendur eru komnir í áfanga númer tvö í hægferðum kjarnagreina. Þá fara hægferðarhópar stækkandi og dregur úr því mikla utanumhaldi sem er með nemendum á fyrsta námsári vegna sparnaðar og hagræðingar í rekstri.

Sérstaklega þarf að huga að endurskipulagningu á námsframboði fyrir þennan hóp nemenda við endurskoðun námskrár sem nú stendur yfir.

Skólinn hefur leitað ráða hjá sérfræðingum um notagildi gamalla greininga sem nemendur koma með. Þar kemur fram mikilvægi þess að greiningar séu ekki áragamlar.

Af kennslutengdum málum sem tengist bættum úrræðum fyrir nemendur almennt og þá ekki síst nemendur á almennri námsbraut má nefna að endurskoðun skólanámskrár á undanförunum misserum hefur hleypt af stað ýmsum hræringum í uppbyggingu námsáfanga og námsmati. Endurskoðun áfangakeðja t.d. í stærðfræði, tiltektir og skipulagsbreytingar tengdar náttúrufræðigreinum, tilraunir með Portfolio kennslu í tungumálum, breytingar á skipulagi íþróttakennslu, sérstakir heimanámshópar, sérstakur áfangi fyrir

nemendur með félagsfælni og áfangi fyrir nemendur með lestrarörðuleika. Í námsmati er aukin áhersla á fjölbreytilegt símat og ásamt möguleika á munnlegum prófum sem valkost við skrifleg próf fyrir nemendur með greiningar.

Kór Flensborgarskólans

Starf Kórs Flensborgarskólans var með miklum blóma. Rúmlega 10% nemenda eru í kórnum en alls voru 90 nemendur í kórnum á haustönn 2010. Kór Flensborgarskólans er talin sem ein eining í uppgjöri skólans. Þetta stendur undir um helmingi launa kórstjóra. Skólinn leggur áherslu á að fá vinnu nemenda í kórnum metna til 3ja eininga á önn þar sem það nám og sú vinna sem nemendur færa fram í kórnum stendur sannanlega undir slíku mati. Það er því ósk skólans að Menntamálaráðuneytið geri úttekt á því starfi sem fer fram í kór Flensborgarskólans telji ráðuneytið vafa á að námið og starfið þar uppfylli mat til 3ja eininga á önn. Núverandi einingamat til fjárframlaga er lítilsvirðing á mati á listnámi sem fer fram innan skólans á þessu sviði.

Annað fjármagn en laun leggur skólinn ekki til kórsins nema gegn vinnu stöku sinnum. Á móti koma tekjur af miðasölu sem renna beint til kórsins. Að auki starfrækir kórstjóri svokallaðan eldri kór sem er án fjárveitinga frá skólanum. Allt fjármagn sem þarf til efniskaupa (tónverk, möppur, kórbúningar, auglýsingar, prentun o.fl.), ferða, æfingabúða, kóramóta, keppna eða annars kemur með fjáröflunum.

Stærðfræðikeppni Flensborgarskólans fyrir grunnskólanemendur

Særðfræðikeppnin var fyrst haldin 1996. Á árinu 2010 tóku um 230 hafnfirsk ungmenni þátt í henni hjá okkur en um 1000 nemendur á landsvísu. Verkefnið er rekið sem sjálfstætt verkefni en skólinn styður það heilshugar og framkvæmd þess í orði og verki.

Nemendafélagið

Starfsemi NFF hefur verið í nokkrum blóma umliðin ár. Stjórnir NFF vinna vel með stjórnendum og skilaði starfi sínu af miklum krafti. Nemendur hafa unnið af krafti með skólanum við innleiðingu á verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Vaxandi vilji er meðal forsvarsmanna nemenda til að vinna að forvarnarmálum í víðum skilningi.

Helstu þættir starfsemi NFF eru söngkeppni, dansleikir, vakningadagar, árshátíð en að auki hafa verið haldnar vímulausar skemmtanir af öðrum toga einnig s.s. sundlaugapartí, trúbatorakeppni „lasertag“ o.fl.

Erfiðlega gengur þó að aðlaga t.d. busavígslur að hugmyndum þeirra sem proskaðri telja.

Fjármál NFF eru í allþokkalegum farvegi og eru þau sett undir árvökult auga og eftirlit fjármálastjóra. Miðað við umsetningu hér má ímynda sér að velta nemendafélaga og þeirra sem nýta sér viðburði á þeirra vegum sé verulega stór þáttur í hagkerfi nærsamfélaga skólanna.

Starfsbraut

Þjónusta starfsbrautar sem og námsskipulag hefur verið skilgreint í skólanámskrá samkvæmt áætlun. Allt skipulag brautarinnar var endurskoðað í

kjölfar úttektar í sjálfsmati skólans sem lá fyrir vorið 2006. Námskrá fyrir brautina hefur verið útfærð en hún er jafnframt í sífældri endurskoðun hjá starfsmönnum brautarinnar.

Skipulag starfsþjálfunar fyrir nemendur starfsbrauta eru ekki í nógu góðum farvegi og þarfnast endurskoðunar að hálfu stjórnvalda og skólanna.

Mikilvægt er að skýra aðkomu atvinnulífsins að þessum þætti menntunar-úrræðis nemenda á starfsbrautum.

Jafnframt er mikilvægt að sem fyrst komi skýrar línur frá Menntamálaráðuneyti um framtíðarskipulag starfsbrauta í kjölfar nýrra laga um framhaldsskólann.

Alls stunduðu 22 nemendur nám á brautinni á vorönn 2010 en 25 á haustönn 2010. Gert var ráð fyrir 15 nemendum við hönnun á húsnæði brautarinnar.

Vegna fjölgunar og breyttrar samsetingar nemenda var aukið við húsnæði brautarinna við upphaf haustannar 2010 sem aftur þýddi fækkun um eina kennslustofur fyrir aðra starfsemi skólans.

Í samráði við menntamálaráðuneytið var frá upphafi gert ráð fyrir blandaðri starfsbraut með einstaklingum sem þurfa mismunandi þjónustu. Þar sem fjöldi nemenda á brautinni er nú orðinn mun meiri en gert var ráð fyrir í upphafi þá skapar þessi mikla fjölbreytni nemenda sem þurfa mjög ólíka og sérhæfða þjónustu vaxandi vandamál bæði í rekstri sem og í daglegu starfi á brautinni.

Eftir að hefðbundnu innritunarferli lauk vorið 2010 var að ósk menntamálaráðuneytisins bætt við þremur nemendum sem þurfa mikla þjónustu. Sú viðbót nemenda breytti öllum áætlunum innan brautarinnar skömmu fyrir upphaf haustannar og hefur valdið erfiðleikum í starfinu á haustönn 2010 og kemur jafnframt rekstrarlega illa út.

Þessi fjölgun nemenda með mjög ólíkar þarfir árið 2010 var mistök og kallar á endurmat á inntöku nemenda á brautina og nemendafjölda fyrir innritun 2011. Núverandi húsnæði og skipulag ræður ekki við þennan fjölda sem hefur svo ólíkar þarfir sem raun ber vitni. Þetta skapaði áður óþekkta erfiðleika í starfsemi brautarinnar á haustönn.

Starfsbrautin býr að mjög hæfu starfsfólki og nær allir nemendur brautarinnar sýnda verulegar framfarir hvort heldur litið er til námslegrar eða félagslegrar færni. Rekstur brautarinnar hefur verið fjárhagslega mjög erfiður undanfarin ár. Fjölgun nemenda upp að vissu marki leiddi til meiri hagkvæmni í rekstri en breytt samsetning nemenda á síðustu tveimur árum hefur aftur leitt til vaxandi erfiðleika í rekstri. Mikill halli er á rekstri brautarinnar. Skólastjórnendur hafa gripið til ýmissa aðgerða til hagræðinga sem aftur hafa leitt til skertrar þjónustu við nemendur og vaxandi álags á starfsmenn. Það er mat skólameistara og forstöðumanns brautarinnar að útilokað sé að ná fram frekari hagræðingu nema endurskoða fjölda nemenda og samsetningu þeirra eftir fötlunarflokkum.

Það er vilji stjórnenda að nemendur úr Hafnarfirði hafi meiri forgang á brautina en nemendur utan bæjarins.

Menntun nýbúa:

Þjónusta við menntun nýbúa hefur verið skilgreind. Hér er um að ræða hóp nemenda með mjög ólíkan bakgrunn og forsendur. Í skólanum er nokkur hópur nýbúa sem fylgir almenntri námskrá og stendur sig almennt mjög vel í námi. Annar hópur nýbúa sem hefur búið stutt í landinu og hefur litla sem

enga þekkingu í íslensku máli er það fámennur að erfiðleikar eru við að skapa honum fullnægjandi þjónustu vegna mikils kostnaðar.

Gott samstarf er við samtök sem sjá um skiptinema (AFS / ROTARY) og hefur skólanum borist hrós fyrir þjónustu við þennan hóp nemenda.

Dreifnám og upplýsingatækni:

Innan skólans var á árunum 2004 – 2009 unnið markvisst að þróun fjarkennslu sem miðaðist þó fyrst og fremst við að þjóna grunnskólanemendum í Hafnarfirði sem hafa hæfni og getu til að stunda nám í framhaldsskóla í einstaka námsáföngum samhliða grunnskólanámi. Þetta var mikilvægur þáttur í að byggja uppsveigjanleg skólaskil milli grunn- og framhaldsskóla og bæta þjónustu við nemendur á svæðinu.

Það voru okkur því mikil vonbrigði þegar menntamálaráðuneytið sló þennan möguleika af undir merkjum hagræðingar og sparnaðar við lok ársins 2009.

Að mati stjórnenda skólans gekk sú ákvörðun þvert á áður yfirlýsta stefnu stjórnvalda um aukna áherslu á sveigjanleg skólaskil og sé jafnframt ekki hagræðing til lengri tíma litið. Það er því eindregin ósk skólans að þessi ákvörðun verði afturkölluð og skólanum aftur gert kleift að þjóna þessum hópi nemenda. Að öðru leiti er vísað til bréfaskrifta milli skólans og ráðuneytis frá sérstaklega desember 2009 til janúar 2010

Skólinn gæti einnig með mjög skjótum hætti boðið fjölbreytt fjarnám ef auknar fjárheimildir fyrir fleiri ársnemendur fást á fjárlögum.

Erlent samstarf

Flensborgarskólinn hefur lengi átt í samstarfi við Falkonergården Gymnasium á Frederiksberg í Danmörku. Nemendur Flensborgarskólans í lokaáfangi í dönsku á málbraut fara að öllum jafnaði á hverri vorönn í námsferð til Falkonergården ásamt kennara þar sem þeir fá m.a. kennslu og þjálfun í dönsku hjá kennurum danska skólans og nemendur í líffræði frá Falkonergården koma til Flensborgarskólans. Þetta samstarf er að stærstum hluta fjármagnað innan Nord-plus verkefnisins og sjálfsaflafé nemenda.

Rúmlega 20 manna hópur ásamt kennurum fór slíka ferð vorönn 2010.

Undanfarin ár hefur Flensborgarskólinn einnig átt í miklu samstarfi við Tornbjerg Gymnasium í Óðinsvéum. Það samstarf er þverfagleg og byggir einnig á miklu samstarfi kennara frá skólunum. Hvor skóli velur sérstaklega hóp, 25 – 28 nemenda í hvert sinn til að taka þátt í þessu samstarfi. Í verkefnavinnu nemenda er lögð áhersla á stærðfræði og raungreinar þó með tengingu við félagsgreinar. Verkefnið er fjármagnað úr Nord-plus ásamt sjálfsaflafé nemenda og kennara. Eftir að þetta samstarf hafði legið niðri í eitt ár, þar sem ekki fengust styrkir, þá fékkst aftur styrkur á árinu 2010 fyrir skólaárið 2010 - 2011.

Sjö kennarar Flensborgarskólans fóru til Danmerkur á vordögum 2010 til að undirbúa verkefni og vinnu skólaársins 2010 – 2011. 28 manna nemenda hópur ásamt kennurum fór til Danmerkur haustið 2010 og var við vinnu með nemendum Tornberg í 10 daga undir handleiðslu kennara frá báðum skólunum.

Tornberg hópurinn kemur síðan til Íslands í byrjun apríl 2011. Kennarar frá Tornberg koma í Flensborgarskólann í febrúar 2011 til að undirbúa þá lotu. Milli heimsóknna undirbúa og vinna nemendur verkefni í sínum skóla og hafa

samskipti á vefnum.

Kór skólans tók þátt í Evropa cantat á Ítalíu haustið 2010. Sú ferð vara að fullu fjármögnuð með fé sem kórinn hafði safnað.

Húsnæðismál

Nánast allt húsnæði skólans var tekið í gegn og telst öll aðstaða mjög góð. Þó eru enn atriði sem þarf að laga til að lokaúttekt á skólahúsnæðinu m.t.t. öryggismála geti farið fram. Að því er unnið með Fasteignum ríkissjóðs.

Nemendafjöldi, verkefni og breytingar á starfsemi.

Á árinu 2010 var Flensborgarskólanum áætlaðir 762 ársnemendur samkvæmt fjárlögum, en inni í þeirri tölu voru allt að 22 ársnemendur á starfsbraut. Hér er um að ræða nokkra fækkun ársnemenda milli ára sem var verulegt áhyggju-efni fyrir innritun fyrir haustönn 2010, ekki síst þar sem 22 nemendanna fylgir skert fjárveiting eða 60% af fullu verði. Á miðju ári var ársnemendum fjölgað enn frekar eða í 808 ársnemendur.

Þessi framkvæmd um sífellda viðbót ársnemenda innan rekstrarárs skapar ein og sér mikla erfiðleika í áætlanagerð og rekstri skólans. Hér verður að komast á jafnvægi til að unnt verði að koma rekstri skólans á réttan kjöl til framtíðar.

Við innritun vegna haustannar 2010 bárust alls á 438 umsóknir til skólans þar af 262 frá nemendum í 10. bekk sem komu til endanlegrar afgreiðslu hjá skólanum. Samkvæmt skýrslu menntamálaráðuneytis um innritun tók skólinn inn rúmlega 95% af nemendum tíunda bekkjar af sínu heimasvæði. Skólinn ber höfuð og herðar yfir aðra skóla Stór Hafnarfjarðarsvæðisins, hvað varðar inntöku nemenda af sínu heimasvæði. Nýjar reglur um innritun þar sem gert er ráð fyrir 45% heimabindingu breyttu engu í vinnureglum en skólinn gerir hins vegar ráð fyrir að setja sérstakann kvóta, allt að 20%, á nemendur utan síns heimasvæðis til að mæta vaxandi óskum úr þeim hópi um skólavist vegna sérstöðu skólans.

Engar sérstakar breytingar voru gerðar á starfsemi skólans né námsframboði á árinu 2010.

Ársnemendur á vorönn reyndust 772, en á haustönn 884. Ársnemendur 2010 reyndust 828. Árgangar skólans eru að verða jafnstórir. Vaxandi hópur gengur sína leið á skemmri tíma en fyrr, að jafnaði er helmingur stúdenta við jólaútskrift að ljúka námi á 7 önnum og við vorútskrift eru að jafnaði 10 – 15% stúdenta að ljúka á 6 önnun.

Á árinu 2010 hættu rétt 3% nemenda námi innan annar, bæði á vorönn og haustönn, lang flestir vegna veikinda eða erfiðra félagslegra aðstæðna.

Miðað er við brottfall eftir að töflubreytingum líkur við upphaf annar.

Heildarbrottfall ársnemenda þegar einnig eru reiknaðar inn allar úrsagnir nemenda úr einstaka áföngum og þær einingar sem nemendur mæta ekki til prófs í reyndist vera 4,8%. Brottfall á vorönn er ívið meira á vorönn en haustönn. Brottfall nemenda á árinu 2010 er svipað og undanfarin ár. Brottfall nemenda í skólans samkvæmt þessum mælikvarða hefur legið á bilinu 4 – 6% undanfarin ár.

Á árinu 2011 er gert ráð fyrir 808 ársnemendum samkvæmt fjárlögum, en inni í þeirri tölu eru ársnemendur á starfsbraut. Þetta er sú ársnemendatala sem skólinn telur sig geta sinnt með góðu móti í sínu húsnæði.

Það eru hins vegar sterkar vísbendingar um að við innritun fyrir haustið 2011 verði umsóknir til skólans mun fleiri en hann getur sinnt. Þetta er áhyggjuefni.

Breyting á námsframboði

Engar breytingar voru gerðar á námsframboði skólans á árinu 2010 nema á skipulagi náms í fjölmiðlatækni sem gerð var í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Það eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar á námsframboði á árinu 2011.

Á árinu 2010 var lögð áhersla á að vinna að útfærslu á nýrri skólanámskrá samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum. Stefnt er að því að ný útgáfa verði sett í hendur ráðherra á Flensborgardaginn 1. október 2011.

Mikil vinna fer fram um skólanámskrána innan skólans. Samstarf hefur verið við FG og ME í þessu vinnuferli og fyrirhugaðar eru viðræður við FG og IH á árinu 2011 um samræmingu á stundatöflugrunni með aukna samvinnu skólanna í huga. Á haustönn 2010 var fundað með stjórnendum FG um þetta mál og hafin skoðun á þeim möguleikum og hindrunum sem eru til staðar.

Reksturinn

Skólinn hefur á undanförunum árum gengið í gegnum miklar breytingar á húsnæði, stækkun þess og samfara því mikla fjölgun nemenda og breytingu á samsetningu nemendahópsins. Ójafnvægi í ársnemendatölu skólans og stöðug fjölgun ársnemenda innan hvers rekstrarárs hefur haft mjög neikvæð áhrif á reksturinn þar sem uppbætur koma yfirleitt seint og ekki alltaf á fullu verðlagi.

Kostnaður sem skólinn hefur endurtekið þurft að bera í tengslum við þær viðamiklu byggingarframkvæmdir og breytingar á eldri húsum hefur haft töluverð neikvæð áhrif á reksturinn á undanförunum árum.

Að mati skólameistara eru sterkar vísbendingar um að í slíku stækkunarferli, sem skólinn hefur gengið í gegnum í mörg undanfarin ár sem jafnframt hefur þýtt mikla breytingu á samsetningu nemenda og þjónustu skólans, séu fjölmargir þætti sem eru vanmetnir í reiknilíkani og ekki tekið á utan reiknilíkans eins og eðlilegt væri.

Um það mál verður ekki fjallað hér en vísað í fyrri árskýrslur og bréf frá skólanum til menntamálaráðuneytis.

Niðurstaða rekstrar skólans á árinu 2010 var neikvæður sem nam réttum 8,4 milljónum. Halli innan ársins lækkaði um 8 milljónir milli ára en rekstrarútkoman er þrátt fyrir það með öllu óviðunandi ekki síst í ljósi langvarandi uppsafnaðs halla.

Í upphafi ársins 2010 var Aðalsteinn Eiríksson fenginn til að gera úttekt á fjármálum skólans og bera saman útgjöld og framlög til einstakra þátta rekstursins á árinu 2009. Hann skilaði skýrslu til skólans á haustdögum 2010 og hefur skýrslan verið kynnt í ráðuneytinu.

Í úttekt hans kemur fram að framlög til húsaleigu er langt frá að standa undir útgjöldum á þeim lið. Útgjöld skólans vegna annarra starf en kennslu er einnig langt umfram framlög, ekki síst útgjöld til annarra starfa en beinnar kennslu við starfsbraut skólans. Þessir tveir liðir virðast orsaka erfiðleika í rekstri skólans nú um stundir. Skýrslan sýnir jafnframt að hagræðing í kennslu er gríðarlega mikil og þar verður vart gengið lengra í átt til sparnaðar hvað varðar

nýtingu í kennslu og stærð námshópa.

Úttektin sýnir fyrst og fremst í hvaða rekstrarþáttum kemur fram halli en útskýrir ekki hvers vegna útgjöld skólans á þessum liðum er svo langt umfram framlög samkvæmt reiknilíkani.

Eftir stækkun skólans árið 2006 kom smám saman fram vaxandi misvægi milli framlaga til húsaleigu og þesss raunkostnaðar sem skólanum er gert að greiða. Halli á þessum lið var rúmar 13 milljónir á árinu 2009. Á árinu 2010 voru framlög til húsaleigu fyrir utan reiknilíkan og lengi ársins stefndi í mikinn halla á þessum lið innan ársins. Undir lok ársins fékkst leiðrétting á þessum lið en enn vantar nokkuð á að framlög til greiðslu húsaleigu mæti kostnaði vegna skólahússins og leigu á íþróttahúsi fyrir skólann. Halli á húsaleigubættinum árið 2010, eftir uppbótina, reyndist vera tæpar 8,4 milljónir eða nánast nákvæmlega sama tala og halli skólans á árinu.

Þessi staða krefst frekari skoðunar milli ráðuneytisins og skólans þar sem skólinn hefur ekki bolmagn til að niðurgreiða húsaleigu af öðrum rekstrarliðum.

Stjórnendur skólans hafa nýtt úttekt Aðalsteins til ítarlegrar skoðuna og aðgerða til að ná rekstri skólans á réttan kjöl. Þegar hefur verið gripið til aðgerða til hagræðingar of sparnaðar. Stöðugildum í öðrum störfum innan skólans hefur verið fækkað um 3,5 stöðugildi bæði með beinum uppsögnum sem og að ráða ekki í störf sem hafa losnað. Þessar aðgerir munu óhjákvæmilega leiða til skertrar þjónustu við nemendur og starfsmenn skólans. Jafnframt hefur verið dregið saman í kennslutengdum störfum og stjórnun sem nemur einu stöðugildi. Sú aðgerð mun einnig óhjákvæmilega leiða til skertrar þjónustu við nemendur. Þessi fækkun starfa eykur einnig álag á allt starfsfólk skólans sem skapar aðra erfiðleika í starfsmannahópnum á tímum þverrandi kaupmáttar og lausra kjarasamninga.

Í þeirri hagræðingu sem þegar er komin til framkvæmda felst fækkun um eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa á starfsbraut skólans. Þrátt fyrir þann niðurskurð er enn verulegur halli á rekstri starfsbrautarinnar sem krefst frekari aðgerða. Að mati stjórnenda þýðir það, ef framlög verða óbreytt, að fækka verður nemendum á starfsbraut og gera nemendahópinn þar einsleitari til að unnt sé að ná fram samlegaðaráhrifum í kennslu. Að þessu er stefnt fyrir innritun fyrir haustið 2011 en vorið 2011 útskrifast fjórir nemendur af brautinni og líkur á að einn til viðbótar kjósi að hverfa frá námi.

Þær aðgerðir sem þegar hefur verið gripið til munu skila jákvæðri rekstrar-niðurstöðu á árinu 2011 nema til komi breyttar forsendur vegna ákvarðanna utan skólans s.s. í tengslum við fjölda ársnemenda eða innritun á starfsbraut.

Mikill uppsafnaður rekstrarhalli skólans skapar einnig mikla erfiðleika í daglegum rekstri þar sem skólinn fær ekkert rekstrarfé millifært til eignakaupa né til greiðslu fastra reikninga. Daglegan rekstur og eignakaup þarf skólinn að fjármagna í gegnum sértekjur sem skapar mikið óhagræði og leiðir til mikillar óhagkvæmni bæði til skemmri og lengri tíma.

Skólastjórnendur leggja því áherslu á að fá viðræður við menntamálaráðuneytið um tilurð þessa uppsafnaða halla og hvernig verður farið með og unnið á honum á komandi árum.

Þetta er nauðsynlegt því þótt rekstur skólans komist í jákvætt horf frá og með

árinu 2011 þá er langur vegur til þess að raunhæft sé að skólinn getir greitt niður þennan halla svo neinu nemi næstu misseri miðað við hagræðingu undangenginna ára og framlög á fjárlögum. Halli sem ætíð er dreginn af framlögum við upphaf hvers rekstrarárs mun óhjákvæmilega seinka öllum rekstrarbata til lengri tíma litið.

Lokaorð

Á árinu 2010 var unnið öflugt starf í Flensborgarskólanum og flest markmið sem sett voru í starfinu gengu eftir.

Skólinn er í forustu íslenskra framhaldsskóla í forvörnum og áherslu á heilbriggt lífverni. Skólinn er forustuskóli við innleiðingu á verkefni *Heilsueflandi framhaldsskóli* í samvinnu við Lýðheilsustöð undir merkjum HOFF samstarfsins. Skólinn vinnur mikla þróunarvinnu á þessu sviði og er í mikilvægu ráðgjafarhlutverki fyrir aðra framhaldsskóla sem eru að fylgja í kjölfar skólans í þessu verkefni.

Flensborgarskólinn er einnig í forustu við þróun náms fyrir nemendur sem stunda afreksípróttir sem hluta af námi sínu í framhaldsskóla. Litið er til skólans varðandi þessa uppbyggingu bæði frá öðrum framhaldsskólum sem og íþróttahreyfingunni.

Foreldrasamstarf er í mikilli uppbyggingu við skólann sem þegar hefur ótvírætt haft jákvæð áhrif á starf skólans nemendum og starfsmönnum til heilla.

Stjórnendur og aðrir starfsmenn skólans hafa náð að tengja starf hans við stoðkerfi og grunnskóla Hafnarfjarðar svo nú erum við með í ráðum þegar skólapolítík og félagsleg úrræði eru til umræðu í nærsamfélaginu. Bætt húsnæðismál og öflugt innra starf, agi og aðhald auk þeirra upplýsinga sem við fáum frá háskólum um námsgengi nemenda skólans benda til þess að skólinn sé á réttri leið. Aðsókn að skólanum er mikil og jákvæð viðbrögð við starfsemi skólans berast frá foreldrum og öðrum sem skólinn á í samstarfi við.

Markvisst er unnið að þróun náms og nýrri skólanámskrá fyrir skólann sem stefnt er á að leggja fyrir ráðherra 1. október 2011. Í þeirri þerri vinnu er lögð áhersla á byggja á styrkleikum og sérstöðu skólans.

Á árinu 2011 verður lögð höfuð áhersla á að ná jákvæðri niðurstöðu í rekstri skólans enda er það forsenda þess að starf skólans geti haldið áfram að dafna á komandi árum.

14. febrúar 2011



Einar Birgir Steinþórsson
Skólameistari

Fylgiskjal 1.

Flensborgarskólinn Heilsueflandi framhaldsskóli

Flensborgarskólinn er fyrsti framhaldsskólinn á landinu til að innleiða hugmyndafræði Heilsueflandi framhaldsskóla og er það gert í nánú samstarfi við [Lýðheilsustöð](#). Í kjölfarið fylgja 23 framhaldsskólar sem eru á sínu undirbúningsári 2010 - 2011.

Flensborgarskólinn hefur lengi haft þá [stefnu](#) að nálgast forvarnir út frá viðtæku og jákvæðu sjónarhorni með það að markmiði að stuðla að vellíðan og auknum árangri allra í skólasamfélaginu, nemenda og starfsfólks.

Hugmyndafræði um heilsueflandi framhaldsskóla fellur mjög vel að þeirri sýn og veitir aukin tækifæri til að efla tengslin við nærsamfélagið og auka þannig stuðning og tækifæri nemenda og starfsfólks til að tileinka sér jákvæðan og heilbrigðan lífsstíl. Fjölmargar rannsóknir styðja þessa nálgun enda sýna þær að heilsueflandi umhverfi bætir líðan nemenda, stuðlar að bættum námsárangri og dregur úr brottfalli.



Hvers konar verkefni er um að ræða?

Verkefnið sem um er að ræða býður upp á heildræna stefnu í forvarna- og heilsueflingarmálum sem gerir framhaldsskólum kleift að marka sér skýra stefnu, skerpa á aðgerðaráætlunum og forvörnum og jafnframt mynda á hagnýtan hátt skýran ramma utan um þennan almenna málaflökk. Verkefnið hefur verið þróað í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið, undir formerkjum [HoFF samstarfsins](#).

Af hverju þessi nálgun?

Áherslur í heilsueflingu og forvörnum hafa þróast í árunum síðum. Reynsla og rannsóknir hafa smám saman fært okkur frá innrætingu yfir í upplýsingagjöf, þaðan yfir í sjálfsstyrkingu og svo loks yfir í heildrænni og almennari nálgun. En samantektir á rannsóknum frá ýmsum löndum sýna okkur nú að forvarnir sem virka best eru þær sem nýta sér heildræna nálgun, sbr. hugmyndafræði Heilsueflandi skóla.

Meðal þeirra sem sinna heilsueflingu hefur verið vaxandi skilningur á því að nauðsynlegt sé fyrir skólasamfélagið að stofna til nýrra og fjölbættari tengsla, og jafnframt milli ólíkra faghópa, til að takast á við félagsleg og fjárhagsleg mál sem lúta að heilsufari. Skólarnir þurfi að setja sér stefnu í heilsueflingarmálum þannig að kennarar, foreldrar, nemendur og aðrir sem taka þátt í skólastarfinu hafi í höndum traustar leiðbeiningar og geti gripið til aðgerða í heilsueflingarmálum. Slík stefna getur orðið til þess að skólarnir ráði betur við ýmis heilsu- og félagsleg málefni, efla námsgetu nemenda og bæti skólastarfið í heild sinni. Rannsóknir benda til þess að þegar skólum tekst vel til við að setja sér stefnu og framkvæmdaáætlun í heilsueflingarmálum geti það haft verulegan áhrif á líf og starf alls ungs fólks sem nemur og hrærist innan skólanna, sem og starfsfólksins.

Í verkefninu er m.a. leitast við að samtvinna stefnu og starfsemi *Heilsueflandi framhaldsskóla* öðru íþrótta-, forvarna-, heilbrigðis- og menntastarfi í samfélaginu. Samhliða verður unnið að því að efla tengsl við foreldra og grenndarsamfélagið. Könnun á viðhorfum og hegðun nemenda í byrjun skólaárs er til grundvallar í árangursmati, en fyrsta skrefið í stefnumótun skólans er þróun gátlista, markmiða, aðgerðaráætlunar og tengslanets.

Höfuðáhersla verkefnisins er á fjögur viðfangsefni, þ.e. næringu, hreyfingu, geðrækt og lífsstíl, en eitt viðfangsefni er tekið fyrir á hverju ári. Því eru viðfangsefnin jafn mörg og námsár flestra framhaldsskólanema (en sameina má málaflökka í samræmi við styttri námsbrautir). Þegar skólinn hefur uppfyllt lágmarkskröfur gátlista *Heilsueflandi framhaldsskóla* öðlast hann bronsviðurkenningu, en með tímanum getur hann fengið silfur og gull, þ.e. ef hann uppfyllir fleiri atriði gátlistanna. Gátlistarnir eru að hluta til ákveðnir fyrirfram með tilliti til þess sem verkefnið felur í sér, en jafnframt að hluta til unnir í samvinnu við skólann (þ.e. stýrihóp verkefnisins í skólanum) s.s. vegna umhverfis, aðstæðna og áherslna skólans.



Mikilvægt er að taka fram að stefna þarf að vera til staðar í öllum málaflökkum og því ýmis vinna í gangi öll árin, en einn málaflökkur er hinsvegar í brennidepli á hverju skólaári og því sýnilegastur í skólastarfinu. Þessir fjórir málaflökkar munu svo taka við hver af öðrum um ókomna tíð - og verkefnið endar því ekki fyrr en skóli annað hvort ákveður að hætta þátttöku eða uppfyllir ekki lengur lágmarkskröfur um Heilsueflandi framhaldsskóla.

Loks er mikilvægt að árangursmati sé sinnt til hægst sé að sjá hvort aðferðafræðin sé að bera tilætlaðan árangur. Samstarf er því á milli Lýðheilsustöðvar, Háskóla Íslands og Flensborgarskólans um að kanna viðhorf og hegðun nemenda nú í haust og líta þá sérstaklega til nýnema skólans sem býðst að svara spurningarlistum og taka þátt í ítarlegri mælingum og þeim síðan fylgt eftir þar til þeir útskrifast